



## Tillaga

**Viðtakandi:** Velferðarráð  
**Sendandi:** Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

---

### Tillaga:

Lagt er til að samþykktar verði eftirfarandi breytingar, frá 1. janúar 2020, á neðangreindum fjárhæðum sem fram koma í 5. gr. reglna Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning:

Fjöldi heimilis- manna	Neðri tekjumörk á ári	Efri tekjumörk á ári	Neðri tekjumörk á mánuði	Efri tekjumörk á mánuði
1	4.020.975	5.026.219	335.081	418.852
2	5.318.064	6.647.580	443.172	553.965
3	6.226.026	7.782.533	518.836	648.544
4 eða fleiri	6.744.861	8.431.076	562.072	702.590

### Greinargerð:

Þann 17. desember 2019 undirritaði félags- og barnamálaráðherra reglugerð sem felur í sér breytingar á reglugerð nr. 1200/2016 um húsnæðisbætur. Í breytingunum fólst að frítekjumörk vegna húsnæðisbóta hækkuðu um 3,5% og gilda þær breytingar frá 1. janúar 2020. Með tekjum er átt við allar tekjur samkvæmt II. kafla laga um tekjuskatt nr. 90/2003, sbr. og 3. mgr. 17. gr. laga nr. 75/2016 um húsnæðisbætur. Tekjur undir neðri tekjumörkum skerða ekki rétt til sérstaks húsnæðisstuðnings. Sérstakur húsnæðisstuðningur fellur niður við efri tekjumörk í hverju tilfalli en skerðist hlutfallslega upp að því marki.

Lagt er til að samþykkt verði breyting á reglum Reykjavíkurborgar um sérstakan húsnæðisstuðning á þann veg að fjárhæð tekjumarka samkvæmt 5. gr. reglnanna verði jafnframt hækkuð um 3,5% og breytingin taki gildi þann 1. janúar 2020. Því munu greiðslur til bótaþega verða leiðréttar afturvirkir sem breytingunni nemur þann 1. mars 2020.

Heildaráætlun ársins 2020 fyrir sérstakan húsnæðisstuðning er um 1.017 mkr. og gert er ráð fyrir að hækkunin rúmist innan fjárheimilda. Áætlun ársins tekur mið af áætlaðri fjölgun félagslegra leiguíbúða hjá Reykjavíkurborg og áætlun um fólksfjölgun frá Hagstofu. Til samanburðar greiddi Reykjavíkurborg 913 m.kr. í sérstakan húsnæðisstuðning árið 2019.